

KIRKJUGARÐARÁÐ

**11. fundur haldinn 31. júlí 2003
kl. 11:00 í fundarsal Biskupsstofu.**

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri og formaður ráðsins, Smári Sigurðsson, fulltrúi Kirkjuþings, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Valtýr Valtýsson oddviti fulltrúi, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs og Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður sem ritaði fundargerð.

1. Setning fundar

Ragnhildur Benediktsdóttir formaður setti fundinn kl. 11:00.

2. Fundur með dóms- og kirkjumálaráðherra um gjaldalíkan kirkjugarða

Þórsteinn, Smári, Guðmundur Þór og Guðmundur Rafn fóru á fund ráðherra þann 30. júlí sl. Guðmundur Rafn gerði grein fyrir fundinum. Ráðherra mun óska eftir því við fjármálaráðherra að skipaðir verði fulltrúar í starfshóp til þess að fara yfir skýrslu starfshóps KGSÍ og tillögur hans (sjá fundargerð 10. fundar).

3. Minnisblað biskups til kirkjugarðaráðs vegna kirkjugarðs í Landakoti

Lagt fram minnisblað frá biskupi Íslands vegna erindis kaþólska safnaðarins í Reykjavík um styrk úr Kirkjugarðasjóði til árlegrar umhirðu kirkjugarðsins í Landakoti. Samþykkt að greiða árlega styrk til almennrar umhirðu kirkjugarðsins í samræmi við gjaldalíkan KGSÍ. Þessi ákvörðun er breyting á fyrri ákvörðun í samræmi við ábendingar biskups í minnisblaði til Kirkjugarðaráðs.

4. Kirkjugarðurinn í Saurbæ á Rauðasandi

Samþykkt að veita fyrirfram greiddan styrk vegna hagræðingar við framkvæmdir við kirkjugarðinn, sbr. greinargerð Guðmundar Rafns á fundinum. Um er að ræða sömu upphæð og veitt var styrkvilyrði fyrir vegna ársins 2004, þ.e. 1 mkr.

5. Niðurstöður úr samkeppni um duftgarð í Leynimýri

Þórsteinn gerði grein fyrir niðurstöðum og lagði fram dómnefndarálitid vegna samkeppni um hönnun duftgarðs og mótun lands í Leynimýri í Öskjuhlíð (júní 2003). Tillaga nr. 35813 frá Teiknistofunni Tröð ehf. og að stóðu Sigríður Magnúsdóttir arkitekt FAÍ og MNAL og Hans-Olav Andersen arkitekt FAÍ og MNAL. Samstarf: Sigurður Guðmundsson myndlistarmaður. Aðstoð: Sveinn Bragason arkitekt FAÍ. Dómnefnd var ánægð með tillögur og góð sátt náðist um niðurstöðuna. Kirkjugarðaráð hefur ákveðið að bjóða verðlaunahöfundum á fund Kirkjugarðaráðs.

6. Framkvæmdir við kirkjugarða

Guðmundur Rafn gerði í stuttu máli grein fyrir nokkrum af þeim framkvæmdum sem í gangi væru við kirkjugarða víða um land eins og t.d. á Skeggjastöðum, Hofi í Vopnafirði, í Vík í Mýrdal, Hvolsvelli, á Odda, Kálfholti, Torfastöðum, Klausturhólum í Grímsnesi, Hjalla í Ölfusi, í Grindavík, á Húsafelli, Hvammi í

Norðurárdal, á Rauðamel á Mýrum, í Bjarnarhöfn, Saurbæ á Rauðasandi, á Bíldudal, Álftamýri í Dýrafirði, Þingeyri, í Holt í Önundarfirði, á Sæbóli á Ingjaldsandi og Flateyri.

7. Önnur mál

Ársreikningur 2002 undirritaður af kirkjugarðaráði.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 13:00.

Ragnhildur Benediktsdóttir,
formaður

Margrét Hallgrímsdóttir, ritari